



ORKUSTOFNUN

**Hafsbotnsrannsóknir. Fylgiskjal með tillögum
til fjárlaga 1998**

**Valgarður Stefánsson,
Ólafur G. Flóvenz**

Greinargerð VS-ÓGF-97-04



Fylgiskjal með tillögum til fjárlaga 1998.

Hafsbotnsrannsóknir

Um allanga hríð hefur verið sérstakur fjárveitingaliður hjá iðnaðarráðuneytinu undir liðnum 11-399-1-13 "Hafsbotnsrannsóknir". Honum hefur verið ráðstafað af Orkustofnun til þessa verkefnis. Þessum fjármunum hefur fyrst og fremst verið varið til að kosta eitt starf á vegum ríkisins til að halda utan um gögn er varða íslenska landgrunnið og hugsanlegar auðlindir þess. Jafnframt hefur verið rækt samstarf við þá aðila, sem fengið hafa leyfi til rannsókna á landgrunninu, safnað afritum af þeim gögnum, sem þeir hafa aflað og þau varðveitt. Sama gildir um samstarf við þá sem eiga að einhverju leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta með Íslendingum s.s. Norðmenn og Færeyinga. Þessir fjármunir duga hins vegar skammt til að stunda landgrunnsrannsóknir og hafa þær því verið óverulegar nema þegar veittar hafa verið sérstakar fjárveitingar til slíkra verka. Hins vegar hefur verið unnið talsvert með þau gögn sem safnað hefur verið og reynt að hafa einn sérfræðing tiltækan sem hefur yfirlit um hafsbotnsmálin.

Þessi vinna hefur síðan verið grundvöllur að ráðgjöf við stjórnvöld í landgrunnsmálum. Í fjárlögum 1997 var fjárframlag til hafsbotnsrannsókna lækkað úr 4 m.kr í 2 m.kr, sem dugir ekki fyrir einu starfsgildi. Varla er unnt að búast við því að til langframa unnt sé að komast af með minna en starf eins manns á vegum íslenska ríkisins til að halda utan um rannsóknarhlið landgrunns mála. Þess vegna er lagt til að framlag til þessa liðar verði hækkað í 4 m.kr árið 1998. Jafnframt vill stofnunin vera með ábendingu um sérstakt átak í olú- og gasþætti þessara mála. Lítur það að því að láta reikna út hve mikið magn olú og gass þyrfti að finnast í setlögum við og úti fyrir Norðausturlandi til að vinnsla gæti orðið ábatasöm. Að öðru leyti færi fjárveitingin til að halda uppi lágmarksvöktun á þessum víðfeðma málaflokki.

MÁ EKKI FJARLÆGJA